




1. bekkur

2024-2025

Handbók



Flataskóli

Efnisyfirlit

Sýn Flataskóla.....	3
Kennarar árgangsins.....	3
Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum.....	3
Námsmenningin sem við ætlum að skapa	3
Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu.....	4
Samskipti kennara við foreldra.....	4
Lýsing á starfinu í árganginum.....	5
Fjöldi nemenda og hópaskiptingar	5
Kennslustundir og námsgreinar	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Helstu viðfangsefni nemenda.....	5
Unnið með góð samskipti.....	5
Vinna með skólareglur.....	6
Stundaskrá.....	7
Heimanám	7
Náms og skemmtiferðir	7
Vinabekkir.....	7
Skólasókn og viðbrögð.....	8
Fleiri upplýsingar á heimasíðu.....	9
Starfsáætlun Flataskóla	9
Skóladagatal	9
Tilkynningar um forföll nemenda.....	9
Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti.....	9
Námsáætlun skólaársins.....	9
Hæfnimiðað nám.....	9
Námsmat	9
Skipulag kennslunnar	10
Námsáætlun	10

Sýn Flataskóla

“Í Flataskóla er ýtt undir seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd nemenda og starfsfólks. Námið í skólanum er áhugavert, gerðar eru skýrar væntingar til nemenda og öllum gert kleift að vaxa. “

Áhersla á S-in fimm **seiglu, sjálfstæði, skapandi hugsun, sjálfstjórn og samkennd** eiga að vera sýnileg í öllu okkar starfi.

Kennarar árgangsins

Umsjónarkennarar bera meginábyrgð á námi og líðan nemenda í skólanum og því eru foreldrar ávallt beðnir um að hafa fyrst samband við þá ef áhyggjur vakna.

Nafn	Staða/ kennslugrein
Auður Gunnarsdóttir	umsjónarkennari
Kristín Sigurðardóttir Hagalín	umsjónarkennari
Atli Jóhannesson	íþróttir
Hannes Ingi Geirsson	íþróttir
Guðrún Ýr Sigbjörnsdóttir	sund
Margrét Ásdís Haraldsdóttir	sérkennari
Linda Þorvaldsdóttir	myndmennt
Rut Ingólfssdóttir Blurton	Smíðar
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir	heimilisfræði
Erla Björg Káradóttir	tónmennt
Katrín Anna Eyvindardóttir	námsráðgjafi

Sýn kennsluteymis á starfið í árganginum

Námsmenningin sem við ætlum að skapa

Með námsmenningu er átt við það andrúmsloft sem kennarar stefna að til að ýta undir árangur nemenda sinna og ánægju af námi.

Við viljum skapa andrúmsloft í kennslustofunni sem einkennist af trausti, að allir geti notið sín. Að jákvæðni, virðing, traust og öryggi ríki milli nemenda og kennara og nemenda innbyrðis. Þannig skapast svigrúm fyrir nemendur að læra af mistökum á uppbyggjandi hátt og eykur sjálfstraust þeirra og ýtir undir jákvæða sjálfsmynd.

Til að vinna að þessum markmiðum teljum við mikilvægt að hrósa nemendum á jákvæðan hátt, bæði í vinnu og almennt fyrir jákvæða lausn á þeim vandamálum sem upp koma. Ýta undir umræður og vangaveltur bæði um námsefnið og samskipti og hvetja þau til að finna lausnir og koma hugsunum sínum í orð.

Nemendur læri að bera ábyrgð á eigin gjörðum í leik og starfi með samræðum í heimastofu og með hlutverkaleik.

Leikur er eðlileg námsleið ungra barna og viljum við því efla leikinn í náminu og ýta undir að leikgleði ríki í öllu starfi.

Svona birtast einkunnarorð skólans í starfinu

Menntun, árangur, ánægja.

Við sköpum andrúmsloft þar sem ríkir jákvæðni og traust á milli nemenda og starfsfólks þannig að nemendur hafi tækifæri til menntunar og að eflast í leik og starfi með markvissum hætti.

Við stuðlum að hvetjandi námsmenningu í anda leiðsagnarnáms þar sem nemendur geta haft áhrif á eigið nám t.d. með reglulegum stofufundum, opnum umræðum um námsefni og samræðum sem byggja á trausti og virðingu. Litið er á mistök sem hluta af námsferlinu og að nemendur geti beðið um aðstoð þegar þeir þarfnast hennar án þess að þeim finnist þeim hafa mistekist. Allt þetta teljum við vera farsælar leiðir til náms og betri árangurs.

Ánægja nemenda er forsenda þess að þau nái árangri í námi sínu og upplifi að þeir hafi stjórn á námi sínu. Til að ná því markmiði þarf námið að vera áhugavert, merkinga bært og að nemendur geti haft áhrif. Það ýtir undir sterkari sjálfsmynd þeirra og trú á eigin getu.

S-in fimm

Markmiðið með S-unum fimm er að þjálfa börn í að eiga góð samskipti, auka öryggi og vellíðan barna í námi og starfi.

Unnið með eina reglu í einu á mánuði í skólareglum Flataskóla þar sem S-in 5 eru leiðarljósi. Hægt er að samþætta S-in 5 við bekkjarfundi, námsfélaga og leiðsagnarnám.

Samkennd; ég get sett mig í spor annara- seigla; ég geri mitt besta- sjálfstjórn; ég ber ábyrgð á mér sjálfstæði; ég læt ekki stjórn að mér skapandi hugsun; ég leita lausna þegar upp koma vandamál.

Samskipti kennara við foreldra

Mikilvægt er að hafa góð samskipti á milli kennara og foreldra og skiptast á upplýsingum um nám, líðan og hagi nemenda. Í upphafi voru samtöl á milli kennara, foreldra og barna. Á haustdögum er síðan foreldrum og forráðamönnum boðið á haustkynningarfund um það sem helst er á dagskrá í vetur og mikilvægi heimalestrar. Á fimmtudögum verða sendir út stuttir póstar með upplýsingum um liðna viku og það sem á döfinni er. Nemendasamtöl eru haldin að minnsta kosti tvisvar á skólaári en oftast ef þurfa þykir. Kennarar árgangsins munu einnig hafa samband símleiðis eða með tölvupósti eftir atvikum. Ekki er hægt að vænta þess að tölvupóstum verði svarað fyrr en eftir að kennsla lýkur á daginn. Símtölum verður ekki svarað eftir að kennsla hefst og því nauðsynlegt að koma skilaboðum til kennara í gegnum skrifstofu skólans ef málið þolir ekki bið.

Ferilmöppur með ýmsum verkefnum og námsmati barnanna verða sendar heim 2 – 3 sinnum á hvorri önn. Möppunum þarf að skila sem fyrst aftur í skólann á meðan skólaárið stendur yfir svo hægt sé að setja fleiri verkefni í möppuna. Börnin fá möppurnar heim til eignar í lok skólaárs.

Lýsing á starfinu í árganginum

Teymiskennsla verður í 1. bekk í vetur. Unnið verður með árganginn sem eina heild og verður honum skipt upp nokkrum sinnum í allan vetur. Markmið vetrarins er að allir nemendur 1. bekkjar verði skólafærir. Unnið verður með markvissa endurgjöf sem beinir athyglinni fram á við og hjálpar nemendum að komast áfram. Námsfélagar munu hjálpast að í einstökum verkefnum, ræða saman og skipuleggj. Öðru hvoru munu nemendur gera sjálfsmat í lok kennslustundar.

Áhersla er lögð á að skapa jákvæðan skólabrag og góðan starfsanda þar sem öllum líður vel og gagnkvæmt traust, virðing, samábyrgð og tillitssemi ríkir.

Í heimakrök fara fram umræður og innlagnir daglega. Nemendur fá tækifæri til þess að tjá sig um námsefnið og hafa áhrif. Við leggjum áherslu á skapandi vinnu í tengslum við stafainnlögn og hlutbundna vinnu í stærðfræði. Unnið verður í litlum hópum í ýmsum verkefnum sem tengjast íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði. Í samþættingu íslensku, samfélags- og náttúrugreina verður lögð áhersla á lestur, skrift, sköpun, útikennslu, upplýsingatækni og samvinnu.

Fjöldi nemenda og hópaskiptingar

Nemendur í 1. bekk eru 26 talsins, 12 drengir og 14 stúlkur. Þeir eru í tveimur hópum með 2 kennara. Þeim er skipt upp í sundi, smiðju og hringekjuhópa.

Helstu viðfangsefni nemenda

Aðalviðfangsefni árgangsins er skólafærni, íslenska og stærðfræði. Sérstök áhersla er á lestur og læsi í víðum skilningi og eru lestrarstundir daglega. Nemendur fást við verkefni sem eru krefjandi, fjölbreytileg og taka mið af margvíslegum styrkleikum þeirra bæði einstaklingslega og í hóp. Við vinnum einnig með þemaverkefni eins og skólinn okkar, nánasta umhverfi, álfar og tröll, vísindi, skordýr og vorið. Þessi verkefni eru samþætt við aðalviðfangsefni vetrarins. Reglulega brjótum við upp daginn með hreyfingu innan dyra sem utan. Vikulega, eða eins og þörf krefur, verða haldnir stofufundir þar sem rædd verða mál er tengjast námi barnanna og samskiptum þeirra á milli.

Unnið með góð samskipti

Eftirfarandi kemur fram í samskiptasáttmála Garðabæjar og við í 1. bekk vinnum eftir honum.

Sáttmálar og fundir með börnum

- Gerðir eru árganga- og/eða bekkjarsáttmálar í september um góð samskipti og góðan bekkjarbrag. Sáttmála skal kynna forráðafólki.
- Vikulegir stofu-/bekkjarfundir eru haldnir þar sem m.a. er stuðst við árganga-/bekkjarsáttmála.

Sáttmálar og fundir með forráðafólki

- Bekkjarfulltrúar eru fengnir úr hópi forráðafólks (sjá hlutverk bekkjarfulltrúa eða bekkjartengla á samfok.is).
- Forráðafólk gerir sáttmála sín á milli sem snýr að því að vera samtaka þegar kemur að samskiptum barna þeirra, t.d. virða aldurstakmörk samfélagsmiðla, afmælisboð og gjafir ásamt úrlausn samskiptamála milli barna.

Vinna með líðan barna

- Kannanir á tengslum og líðan eru lagðar fyrir að hausti og þeim fylgt eftir á vorönn ef þörf er talin á því.
- Umsjónarkennari kortleggur félagslega stöðu barnanna í hópnum í nóvember og mars ár hvert.

Forvarnarfræðsla fyrir börn

- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.
- Skiplögð er dagskrá í kringum „baráttudag gegn einelti“.
- Unnið er með vináttuverkefnið Blæ frá Barnaheillum.
- Unnið er með efni úr verkfærakistu KVAN í lífsleiknitímum yfir skólaárið.

Forvarnarfræðsla fyrir forráðafólk

- Á haustkynningu er unnið með spjöld forráðafólks um Blæ.
- Fræðsla fyrir forráðafólk um góð samskipti.
- Forvarnarvika Garðabæjar er í október og fá börn og forráðafólk ýmiss konar fræðslu í tengslum við hana, tengda þema hvers árs.

Fyrirkomulag stofufunda

Stofufundir eru fastir á stundaskrá og eru 1-2 x í viku

Leiðarljós er að skapa góðan bekkjaranda. Að skapa öruggt andrúmsloft meðal nemenda, þar sem traust og samvinna ríkir meðal þeirra sem tak þátt í fundinum. Ákveðnar reglur gilda á fundinum og umsjónarkennari stjórnar og virðing og góð samvinna ríkir á milli nemenda og kennara.

Vinna með skólareglur

Unnið verður samræmt með skólareglur og eftirfarandi eru þau tímabil sem hver regla verður tekin fyrir.

Skólareglur Flataskóla áætlan skólaárið 2024-2025					
Allar skólareglur kynntar í ágúst. Eftir það er unnið með eina reglu á mánuði með samkennnd, seiglu, sjálfstjórn, sjálfstæði og skapandi hugsun að leiðarljósi.					
September		Október		Nóvember	
<i>Markmið menntunar</i>		<i>Virðing fyrir skoðunum annarra</i>		<i>Vernd gegn ofbeldi</i>	
2.-6.sept. 9.-13. Sept. 17.-20.sept. 23.-30.sept.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bættum okkur ef við þurfum	30.sept-4.okt. 7.-11.okt. 14.-18.okt. 21.-25.okt.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bættum okkur ef við þurfum	4.-8.nóv. 11.-15.nóv. 18.-22.nóv. 25.-29.nóv.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bættum okkur ef við þurfum
Desember		Janúar		Febrúar	
<i>Öll börn eru jöfn</i>		<i>Frelsi til að deila hugmyndum sínum</i>		<i>Heilsuvernd, vatn, matur, umhverfi</i>	
2.-5.des. 9.-13.des. 15.-20.des.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	6.-10.jan. 13.-17.jan. 20.-24.jan. 27.-31.jan.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bættum okkur ef við þurfum	3.-7.febr. 10.-14.febr. 24.-28.febr.	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.
Mars		Apríl		Mái	
<i>Hvöld, leikur, menning, listir</i>		<i>Nafn og ríkisfang</i>		<i>Félagafrelsi</i>	
3.-7.mars 10.-14.mars 17.-21.mars 24.-28.mars	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bættum okkur ef við þurfum	1.-4.apríl 7.-11.apríl 22.-30. apríl	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu. Halda síðan áfram á góðri leið og bæta sig ef þarf.	5.-9.mái 12.-16.mái 19.-23.mái 26.-30.mái	Regla kynnt Unnið með reglu Nemendur meta eigin frammistöðu Höldum áfram á góðri leið og bættum okkur ef við þurfum

Stundaskrá

Dákkur1	MÁNUDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIÐVIKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
8:30 - 8:50	Morgunsamvera	Heimastofa	Morgunsamvera	Heimastofa	Morgunsamvera
8:50 - 9:30	Heimastofa	Heimastofa	Heimst./tónm.	Sund 1/heimastofa	Íþróttir
9:30 - 10:10	Íþróttir	Heimastofa	Heimst./tónm.	Sund 2/heimastofa	Heimastofa
10:10 - 10:30	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
10:30-11:30	Heimastofa	Heimst/tón	Heimastofa	Sund 3/heimastofa	Heimastofa
11:10 - 11:50	Heimastofa	Heimst/tón	Smíðja	Heimastofa	Heimastofa
11:50 - 12:10	Matur	Matur	Matur	Matur	Matur
12:10 - 12:30	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur	Frímínútur
12:30 - 12:50	Smíðja	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa
12:50 - 13:30	Heimastofa	Fjölvál	Heimastofa	Heimastofa	Heimastofa

Heimanám

Lestrarnám er samvinna heimilis og skóla. Til þess að árangur verði sem bestur er mikilvægt að foreldrar gefi sér góðan tíma og hlusti á barnið lesa. Í 1. bekk eiga börnin að lesa heima í 10 – 15 mínútur 5 – 7 sinnum í viku. Auk þess eiga þau að vinna stutt verkefni sem finna má í heimalestrarhefti. Mikilvægt er að foreldrar/forráðamenn hlusti á börnin lesa, spyrji barnið út í söguna, útskýri orð og skrái síðan heimalesturinn í heimalestrarheftið. Einnig að aðstoða barnið með verkefni í heimalestrarhefti ef þörf krefur. Þegar líða tekur á veturinn skrifa börnin daglega 3 – 5 orð sem tengjast sögunni í þar til gerða skriftabók. Stundum koma stærðfræðiverkefni heim með nemendum.

Náms og skemmtiferðir

Fyrirhugað er að fara í gönguferðir um nánasta umhverfi, Hellisgerði, á Hönnunarsafnið, tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, á Bókasafn Garðabæjar og fleira ef kostur er. Við erum duglegar að þiggja boð um góðar ferðir sem við teljum að nemendur okkar hafi gagn og gaman af.

Vinabekkir

Vinabekkur 1. bekkjar er 6. bekkur. Markmið vinabekkja er að nemendur þessara árganga hittast, kynnist, hafi gaman og læri af hvert öðru. Að þekkja þá sem eldri eru getur aukið öryggi og ánægju í skólanum. Vinabekkir hittast u.þ.b. þrisvar sinnum á hvorri önn, verkefni eru meðal annars eftirfarandi: Á haustdögum hittast bekkirnir og áttu saman góða stund á leikvelli við hraunið og borðuðu saman pylsur að leik loknum. Síðan fórum við inn og spiluðum. Á dagskrá eru líka útileikir ásamt hringekju/valstöðvum sem 6. bekkur býður upp á.

Skólasókn og viðbrögð

Unnið er skv. samræmdu ferli Garðabæjar ef skólasókn nemenda verður ófullnægjandi.

Ófullnægjandi Skólasókn

Í grunnskólum Garðabæjar er mánaðarleg greining á forföllum allra nemenda önnur en langtímaveikindi.

Þegar grunur vaknar um skólasóknarvanda/skólaförðun nemanda skal bregðast við með viðeigandi hætti með það að leiðarljósi að veita stuðning.

Ósamfelldar fjarvistir	Veikindi/leyfi
2-7 fjarvistir Umsjónarkennari ræðir við nemanda og aðstandendur hans.	10 dagar eða fleiri Umsjónarkennari hefur samband við aðstandendur. Áætlun um námsframvindu unnin í sameiningu.
8-14 fjarvistir Fundur með umsjónarkennara, nemanda, aðstandendum og skólustjórnanda ef ástæða þykir til.	15 dagar eða fleiri Umsjónarkennari upplýsir skólustjórnendur um stöðu mála, hefur samband við aðstandendur og gerir áætlun um námsframvindu.
15-20 fjarvistir Málmi er vísað til umræðu í nemendaverndarráði.	20 dagar eða fleiri Skólustjórmaði boðar aðstandendur til fundar og vísar málinu til umfjótunar í nemendaverndarráði.
21 eða fleiri fjarvistir Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.	Engin breyting til batnaðar á skólasókn Tilkynning send til barnaverndar sem boðar til fundar með viðeigandi aðilum.

Skólum er heimilt að óska eftir vottorði lækna vegna veikinda hvenær sem er í ferlinu.
Upplýsingar um verkferla grunnskóla Garðabæjar varðandi skólasókn má finna á vefsíðum skólanna.



GARÐABÆR

Fleiri upplýsingar á heimasíðu

Upplýsingar sem eiga við um alla árganga skólans er að finna á heimasíðu skólans og í starfsáætlun skólaársins, sjá flataskoli.is Hér fyrir neðan eru slóðir á nokkur atriði.

[Starfsáætlun Flataskóla](#)

[Skóladagatal](#)

[Tilkynningar um forföll nemenda](#)

[Skráning í hádegismat nemenda](#)

[Viðmið Flataskóla um samskipti heimila og skóla](#)

[Tilkynningar vegna gruns um samskiptavanda/einelti](#)

Þarna undir er einnig að finna fleiri eyðublöð svo sem umsóknir um leyfi nemenda.

Námsáætlun skólaársins

Hæfnimiðað nám

Í hæfnimiðaðu námi er unnið að því að nemendur tileinki sér þá hæfni sem stefnt er að. Til að svo megi verða þurfa þau viðfangsefni sem nemendur fást við að stuðla að því. Með því að skoða hæfniviðmið aðalnámskrár gaumgæfilega má sjá hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við til að öðlast þá hæfni sem hæfniviðmiðið lýsir. Hæfnimiðmið eru sett fram í aðalnámskrá grunnskóla og unnið er með sömu hæfniviðmið í 3-4 ár.

Þegar kennsla er skipulögð er mikilvægt að hún sé tengd hæfniviðmiðum, námsmarkmið séu skýr og viðmið um árangur einnig. Nemendur þurfa að fá endurgjöf á vinnu sína sem hjálpar þeim að ná því sem vantar upp á svo þeir nái þeirri hæfni sem að er stefnt.

Það fyrsta sem ákveðið er hvaða hæfniviðmiðum nemendur eiga að stefna að á tilteknu tímabili og síðan er skoðað hvaða viðfangsefni nemendur þurfa að fást við, hver námsmarkmiðin með vinnunni eru og síðan hugað að þeim leiðum sem farnar verða og hvar og hvernig er metið hvort nemendur hafa náð hæfninni sem stefnt var að. Námsmarkmið og það hvar og hvernig verkefni eru metin birtist í verkefnum nemenda sem verða sýnileg inni í Mentor. Áætlunin sem hér birtist á við um allt skólaárið en henni verður síðan dreift á tímabil inni í Mentor.

Þegar nemendur stefna að tiltekinni hæfni þurfa þeir að fá tækifæri til að sýna fram á hæfni sína á fjölbreyttan hátt. Nemendur geta tekið þátt í því að ákveða hvernig þeir vilja sýna fram á hæfni sína og haft þannig enn virkari áhrif á eigið nám.

Námsmat

Öll birting og utanumhald námsmats er í Mentor sem er kerfi sem gerir skólum kleift að halda utan um nám og kennslu og birta foreldrum. Þar geta foreldrar fylgst með námsframvindu barna sinn á svokölluðum hæfnikortum og fengið upplýsingar í gegnum vef eða smáforrit í síma um leið og nýtt námsmat hefur verið skráð.

Kennarar gera námsáætlanir þar sem hæfniviðmið aðalnámskrá koma skýrt fram ásamt því hvernig gera á nemendum kleift að ná þeirri hæfni og hvar og hvernig það verður metið.

Nemendum er aðeins gefið lokamat við lok 4. og 7. bekkjar.

Nemendum er gefin markviss endurgjöf í öllu námsferlinu. Sjá nánar í námsmatskafla starfsáætlunar.

Skipulag kennslunnar

Lögð er áhersla á að nemendur séu meðvitaðir um markmið námsins og hvaða viðmið eru sett svo þeir nái árangri. Nemendur fá reglulega endurgjöf í námsferlinu og þeim er gert ljóst hvernig þeir komast þangað sem þeir stefna. Litið er á mistök sem lærdómstækifæri og nemendum er alltaf gert kleift að bæta sig. Leiðsagnarnám þá vinna námfélagar saman.

Okkar aðal áhersla er að öllum líði vel því þannig næst árangur í námi. Við verðum með bekkjarfundi þar sem við förum yfir samskiptareglur og ræðum það sem börnunum liggur á hjarta. Við fylgjum Aðalnámskrá. Mestur tími okkar mun fara í lestrarnám og grunnfærni í stærðfræði. Við leggjum inn 2-3 stafi á viku og vinnum ítarlega með þá. (skrifum, fönndrum, teiknum og málum) Við leggjum áherslu á fjölbreytta kennsluhætti (leikir, útikennsla, hópavinna ofl.) Einnig ætlum við að hafa hringekjur og vinna með 2. bekk.

Námsáætlun

Íslenska		
Talað mál og hlustun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.	Munnleg tjáning. Atburður - endursögn.	Þjálfist í að segja frá daglegum atburðum í lífi sínu og að endursegja efni sem hlustað eða horft var á.
Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.	Einbeiting og athygli við hlustun eða áhorf.	Þjálfist í virkri hlustun eða áhorfi.
Átt góðsamskipti, hlustað og sýnt kurteisi.	Bera virðingu fyrir hvert öðru í samskiptum.	Æfist í góðum samskiptum og fá leiðsögn þegar þess þarf.

Lestur og bókmenntir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.	Lestrarþjálfun.	Læri að þekkja stafina og umskráningu hljóða og læri að tengja hljóðin saman.

Ritun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega.	Skrifa rétt og skýrt.	Læri réttan stafdrátt, bæði með því að spora staf og skrifa þá sjálf.
Samið texta frá eigin brjósti svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð.	Semja eigin texta.	Þjálfist í að skrifa fjölbreytta texta og nýta eigin ímyndunarafli.

Málfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.	Munnleg og rituð tjáning.	Þjálfist í að segja frá bæði munnlega og skriflega.
Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.	Efla hljóðkerfis- og málvitund.	Æfist í að hlusta og greina bókstafi, hljóð og orð.
Leikið sér með orð og merking, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.	Vinna með orð.	Æfist í rími, orðarunum, orðaleikjum og merkingu orða.

Stærðfræði		
Að geta spurt og svarað með stærðfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.	Samræður um stærðfræði.	Taka þátt í skipulögðum umræðutímum um þætti stærðfræðinnar sem unnið er með hverju sinni.
Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifyanlega hluti og eigin skýringamyndir.	Stærðfræðiþrautir með hlutbundnum gögnum og teikningum.	Unnið fjölbreytt verkefni í litlum hópum.

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.	Stærðfræðitákn og tengsl þeirra við daglegt líf.	Stærðfræðispjall. Þjálfist í að leggja saman og draga frá á hlutbundinn hátt.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því meðal annars að nota hlutbundin gögn og teikningar.	Fjölbreyttar lausnaleiðir. Notkun hlutbundinna gagna.	Æfist í að nota hlutbundin gögn t.d. talnagrindur, kubba, teikningar, talningastrik við þrautalausnir og talningu.

Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.	Samvinna í lausnaleit. Byggt á hugmyndum nemenda.	Vinna tvö og tvö saman við lausnaleiðir stærðfræðiprauta.
Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og geri sér grein fyrir verðgildi peninga.	Lausnaleit. Daglegt líf. Verðgildi peninga.	Vinna með peninga og læra hvaða merkingu þeir hafa. Nýtum kennslupeninga eða teikningar nemenda til að skilja tölur og gildi peninganna.

Tölur og reikningur		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.	Náttúrulegar tölur. Röðun og samanburður.	Æfist í að lesa og skrifa tölur upp í tuttugu á fjölbreyttan hátt.
Notað tugakerfisríthátt.	Tugakerfisrítháttur.	Þjálfist í tug og einingu á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt og með stærðfæðiumræðum.
Reiknað með náttúrlegum tölum á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.	Hlutbundinn og óhlutbundinn reikningar.	Æfist að leggja saman og draga frá tölur upp í tuttugu bæði á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

Algebra		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í talnamynstrum og öðrum mynstrum á fjölbreyttan hátt og spáð fyrir um framhald mynsturs, t.d. með því að nota líkön og hluti.	Mynstur	Þjálfist í að skoða mynstur og velta fyrir sér framhaldi á bæði hlutbundinn og óhlutbundinn hátt.

Rúmfræði og mælingar		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nota hugtök og rúmfræði, s.s. um form, stærðir og staðsetning til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.	Rúmfræðihugtök og notkun þeirra. Umræður um stærðir, fyrirbrigði og staðsetningu. Form.	Skoða form í umhverfi inni og úti. Ræðum mismunandi stærði og staðsetningu forma.
Gert óformlegar á tví- og þrívíðum formum, teiknað	Rannsóknir.	Bera saman form í tvívídd og þrívídd á fjölbreyttan hátt.

skýringarmyndir af þeim og hlutum í umhverfi sínu.	Form.	
--	-------	--

Tölfræði og líkindi		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Safnað gögnum í umhverfi og um eigið áhugasvið.	Söfnun gagna úr umhverfi. Áhugasvið nemenda.	Gera athuganir meðal skólafélaga og skrá gögn.
Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.	Talning, flokkun, skráning og lestur. Myndrit.	Lesið úr gögnum og setja niðurstöðurnar upp á einfaldan og myndrænan hátt.

Enska		
Hlustun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.	Söngvar, samræður og myndefni.	Horfa á myndbönd og myndaspjöld.

Samskipti		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	Samskiptaleikir.	Vinna saman í þorum eftir ákveðnum fyrirmælum.

Náttúrufræði		
Geta til aðgerða		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.	Nærumhverfi.	Útikennsla, gönguferðir og athuganir.

Gildi og hlutverk vísinda og tækni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Úskýrt hvornig tækni nýtist í daglegu lífi þeirra.	Tækni.	Gera athuganir og útskýrt í formi teikninga og/eða munnlega.

Vinnubrögð og færni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sagt frá og framkvæmt með hversdaglegum hlutum einfaldar athuganir úti og inni.	Rannsóknarvinna.	Vettvangsferðir og athuganir í nærumhverfi.
Aflað sér upplýsinga er varða náttúruna.	Rannsóknarvinna.	Vettvangsferðir og athuganir í nærumhverfi.
Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.	Samskiptafærni.	Spjallfélagar. Þjálfun í að hlusta, taka tillit til annarra og mismunandi skoðana.

Ábyrgð á umhverfinu		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.	Umburðarlyndi og umhyggja.	Þjálfist í að sýna hvert öðru og umhverfi sínu virðingu.
Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.	Nærumhverfi.	Eflist í gagnrýnni hugsun.

Að búa á jörðinni		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.	Veðurfar.	Veðurfar skoðað daglega.

Lífsskilyrði manna		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.	Hreyfing, hreinlæti, svefn og holl fæða.	Samræður.

Náttúra Íslands		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi.	Munnleg tjáning. Lífverur í nærumhverfi.	Gönguferðir og rannsóknir í nærumhverfi. Umræður.

Heilbrigði umhverfisins		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Flokkað úrgang	Flokkun úrgangs.	Kynning og flokkun úrgangs í skólastofu.

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.	Tækni. Munnleg tjáning.	Umræður um uppfinningar og framfarir í tækni.

Samfélagsfræði		
Reynsluheimur – Umhverfi, samfélag, saga, menning: Hæfni nemenda til að skilja		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.	Nærumhverfi. Umhyggja.	Skoða nærumhverfi sitt – gönguferðir. Umræður um náttúru og mikilvægi hennar. Spjallfélagar.
Áttað sig á að hann er hluti af stærra samfélagi.	Samfélag barnsins.	Umræður um mikilvægi þess að tilheyra mismunandi hópum.
Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.	Hættur á heimili og nærumhverfi.	Gönguferðir um nærumhverfi og umræður um hættur.

Hugarheimur – Sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.	Munnleg tjáning – fjölskylda og heimili.	Frásögn, umræður og spjallfélagar.
Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum s.s. gleði, sorg og reiði.	Tilfinningar. Munnleg tjáning.	Frásögn, umræður og spjallfélagar.

Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir

Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.	Samræður um samfélagsmál. Samstarf nemenda.	Spjallfélagar og umræður.
Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.	Umburðarlyndi fyrir fjölbreytileika mannlífsins.	Umræður og spjallfélagar.
Rætt um réttindi sín og skyldur í nærsamfélaginu og sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra og þekki til Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.	Þekki Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.	Kynning á Barnasáttmálanum.
Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.	Samskipta- og samvinnufærni.	Umræður og hlutverkaleikir.

Upplýsinga – og tæknimennt		
Vinnulag og vinnubrögð		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nýtt rafrænt námsefni á einföldu formi til stuðnings við vinnutækni og vinnulag.	Rafrænt námsefni	Læri að vinna í smáforritum og æfist í umgengni við spjaltdölvur.

Lykilhæfni		
Tjáning og miðlun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.	Tjáning.	Frásögn, munnleg og skrifleg verkefni. Stofufundir

Skapandi og gagnrýnin hugsun		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum.	Lausnaleit, gagnrýnin hugsun, þrautseigja og vaxandi hugarfar.	Fjölbreytt verkefni, rökræður, endurtekningar, tilraunir, prófanir.

Sjálfstæði og samvinna		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir

Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.	Virk þátttaka, samvinna, félagsfærni.	Fjölbreyttir samvinnuleikir og verkefni, allir gegna hlutverki.
Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt.	Virk þátttaka.	Samræður og hvatning í leik og starfi.

Ábyrgð og mat á eigin námi		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi.	Styrkleikar í námi.	Sjálfsmat í lok kennslustundar og umræður.

Heimilisfræði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
-tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti -útbúið með aðstoð einfaldar og hollar máltíðir -farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif	-athygli vakin á hollum og óhollum mat -útbúnir einfaldir réttir -fjölbreytt efnisval -hollusta í fyrirruumi -handþvottur -hrein áhöld -vinnusvæði hreint	-umræður um viðfangsefnið -hræfni valin með hollustu og fjölbreytni að leiðarljósi -handþvottur og svuntur -snyrtileg vinnubrögð -gengið frá óhreinum áhöldum í vask/uppþvottavél

Sjónlistir		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
Nýtt sér í eigin sköpun einfaldar útfærslur sem byggja á færni í meðferð lita- og formfræði og myndbyggingar. Tjáð tilfinningar, skoðanir og hugmyndaheim sinn í myndverki á einfaldan hátt. Þekkt og notað hugtök og heiti sem tengjast lögmálum og aðferðum verkefna hverju sinni.	Litafræði, grunnlitir og blandaðir litir. Formfræði, grunnform. Hugmyndaheimur nemandans Hugtök og heiti.	Málum grunnliti og búum til blandaða liti úr þeim. Búum svo til myndverk og notum eitt grunnform til þess. Nemandinn gerir möppu undir verkefni sín og myndskreytir hana og notar sinn eigin hugarheim til þess. Nemandinn er hvattur til þess að tjá sig um það sem er að gerast á blaðinu. Við sýnikennslu og leiðbeiningu um verkefni eru rétt hugtök og heiti notuð stanslaust og nemendur fá útgöngumiða með spurningum í lok tímans.

Tónmennt		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
þekkt hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun,	Hljóðfærakynning, leikur á helstu skólahljóðfærin og hlustun á margvísleg tónverk.	Nemendur fá þjálfun í að spila á einstaka hljóðfæri s.s. hristur, trommur og stafi. Þeir fá kynningu á helstu strengja-, blásturs-, og slagverkshljóðfærum og þjálfun í að greina þau í hlustun á margskonar tónverk og tónsköpun.
greint ólíkar raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna,	Hlustun og söngur	Nemendur hlusta á mismunandi raddgerðir og fá þjálfun í greina þær með t.d hlustun á kórverk og einstaka raddtýpur. Nemendur fá leiðsögn í söng og túlkun, læra margvísleg sönglög og texta og taka þátt í samsöng í bæði minni og stærri hópum.
• leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri,	Hljóðfæraleikur og rythmakennsla	Nemendur fá grunnkennslu í rythma og þjálfast í að halda stöðugum takti og leika einfaldar hrynur á einföld skólahljóðfæri. Nemendur læra og fá þjálfun í að að spila einföld stef á t.d tréspil.
tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/ hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt,	Tónsköpun	Nemendur fá að spreyta sig á að búa til eigið tónverk/hljóðverk og flytja fyrir og með samnemendur sínum.
greint einföld stílbrigði í tónlist (t.d. íslenskt þjóðlög),	Hlustun og fræðsla um mismunandi tónlistarstíla	Fræðsla um mismunandi tónlistarstíla og þjálfun í greiningu á þeim með hlustun og umræðum.
	Samræður, hlustun og tjáning	Nemendur taka þátt í umræðum, fá að velja segja frá sinni upphaldstónlist og deila með samnemendum sínum.

• rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.		
--	--	--

Hönnun og smíði		
Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir
<ul style="list-style-type: none"> • valið og notað nokkur verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt • gert grein fyrir nokkrum smíðaeignum sem unnið er með • framkvæmt einfaldar samsetningar 	<p>Fingrafimi og sköpun</p> <p>Að þússa</p> <p>Að negla</p> <p>Fura</p>	<p>Nemendur þjálfast í að nota sandpappír - finan og grófan þegar þeir þússa trékubba fyrir ýmis lítil verkefni.</p> <p>Nemendur þjálfast í fingrafimi þegar þeir hnoða leir og móta í blóm.</p> <p>Nemendur þjálfast í notkun hamars og nagla þegar þeir búa til lítinn broddgölt og þjálfast í sköpun þegar þeir búa til hús fyrir broddgöltinn.</p> <p>Helsti efniviður nemenda er fura og læra nemendur hvernig fura lítur út í náttúrunni.</p>

Skólaíþróttir og sund

Hæfniviðmið - beint úr námskránni	Viðfangsefni	Leiðir
Gert æfingar sem reyna á þol.	Þolæfingar	Þjálfar upp þol með hlaupaleikjum og þolsundi. Ræða við nemendur og fá þá til að tileinka sér þrautseigu þegar kemur að því að reyna líkamlega og andlega á sig.
Kafað, velt sér af kvið á bak og öfugt og tekið þátt í leikjum í vatni.	Vatnsaðlögun	Venja nemendur á sundlaugina. Leikir og aðlögun. Sýnikennsla í sundi og annar kennarinn ofan í laug til að aðstoða við hreyfifærni og sundtök.
Synt sporðtök, bringusund, skólabaksund, baksund og skriðsund með eða án hjálpartækja stuttar vegalengdir.	Skriðsund	Kennsla í sundi, rennsli, taktur, skriðsundsfótatak æft. Sundaðferðir brotnar upp og einnig æft í heild sinni.
	Skipulagshugtök	

<p>Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum.</p> <p>Tekið þátt í gömlum íslenskum leikjum og æfingum.</p>	<p>Þátttaka í gömlum íslenskum leikjum</p>	<p>Æfa að standa í röð og setjast á línurnar í upphaf tímans. Fylgja fyrirmælum kennara og leikreglum.</p> <p>Farið ítrekað yfir reglur og útfærslur í ýmsum leikjum. Virkja nemendur til þátttöku og skemmtunar í leik. Sýnikennsla og leikir æfðir reglulega til að nemendur framfylgi leikreglum og njóti þessa að taka virkan þátt.</p>
---	--	---